

Greinargerð með fjárhagsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2024.

Rekstartekjur.

Heildarrekstrartekjur er alls áætlaðar 235,5 mkr sem er lækkun um 34,7 mkr frá endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2024.

Framlög Ríkissjóðs

Framlög ríkissjóðs lækka miðað við endurskoðaðrar fjárhagsáætlun 2024 um 38,3 mkr.

Fjórðungssamband sækir árlega um um verkefnaframlag úr C1 aðgerð Byggðaáætlunar *Sértæk verkefni sóknaráætlunarsvæða*. Úthlutun vegna umsókna fyrir árið 2024 er undir árslok 2023, hér eru áætluð framlög 30 mkr en endanleg fjárhæð kemur fram í endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2024.

Framlag til sóknaráætlunar er hér áætlað samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2024 og lækkar samkvæmt því um 11,2 mkr miðað við endurskoðaða fjárhagsáætlun 2023.

- **Framlög Jöfnunarsjóðs.**

Framlagið skiptist upp í tvo hluta. Annars vegar fá landshlutasamtök sveitarfélaga samkvæmt reglugerð um Jöfnunarsjóð, hlutdeild af almennum tekjum sjóðsins. Áætlað framlag hækkar um 7,6 mkr miðað við endurskoðaða fjárhagsáætlun 2023 og áætlað 48 mkr á árinu 2024.

Hinsvegar hefur Jöfnunarsjóður á undanförunum árum veitt framlagi til FV vegna reksturs áætlana í umsjón FV s.s. sóknaráætlunar, framlagið er áætlað óbreytt frá endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2023 eða sem nemur 6,2 mkr. Einnig er hér áætlað 5 mkr framlag Jöfnunarsjóðs til stefnumótunar fyrir nýja Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029. Áætlað fjármagn er byggt á beiðni landshlutasamtaka sveitarfélaga til Ráðgjafanefndar Jöfnunarsjóðs, en Jöfnunarsjóður studdi fjárhagslega endurskoðun Sóknaráætlana landshluta 2020-2024 á árinu 2022.

- **Framlög sveitarfélaga**

Samkvæmt samþykktum Fjórðungssambands þá er árstíllag sveitarfélaga ákveðið á Fjórðungsþingi að hausti, reiknast það sem framlag á hvern íbúa sveitarfélags miðað við 1. janúar ár hvert. Gerð er tillaga um að framlag (árstíllag) fyrir árið 2024 nemi 42,8 mkr, sem er hækkun er nemur 1,3 mkr frá árstíllagi 2023.

Tillagan felur í sér að framlagið verði skipt sem hér segir á rekstrardeildir;

- Byggðaðróun og atvinnu og nýsköpunarmál, samtals **12,8 mkr**. Framlagið er tvískipt, **7,8 mkr** sem er stuðningur sveitarfélaga við atvinnu og byggðaðróun í tengslum við samning Vestfjarðastofu við Byggðastofnun, tillaga er um að framlagið hækki um 500 þkr frá árinu 2023. Síðan er óbreytt frá árinu 2023, **5 mkr**, framlag til reksturs Umhverfissvottunar sveitarfélaga Earth Check

- Rekstur skrifstofu, samtals **30,0 mkr**. Tillaga er um að árstíllag sveitarfélaga til markaðsmála verði óbreytt frá árinu 2023, **7,7 mkr**, hér er um að ræða mótframlag á móti samningi Vestfjarðastofu við mótframlag á móti framlögum Ferðamálastofu vegna Áfangastofu. Tillaga er um að árstíllag til menningarmála verði óbreytt **9,9 mkr** hér er um að ræða framlag til starfsemi á sviði menningarmála, sú starfsemi er skilgreind sem áhersluverkefni í samningi um Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024. Að lokum er tillaga um árstíllag til rekstur skrifstofu, verði **12,4 mkr**, og hækki um 800 þkr en hér er um að ræða framlag til reksturs skrifstofu FV.

Aðrar tekjur.

Aðrar tekjur 5 mkr eru framlög vegna verkefna tengdra verkefna í samstarfi við Vestfjarðastofu.

Ónotaðir styrkir til næsta árs.

Ekki er reiknað með að ónotaðir styrkir safnist upp á árinu 2023.

Vextir

Vegna lægri fjárhæða vegna ónýtttra styrkja er gert ráð fyrir að vaxatekjur lækki á milli ára og eru að frádregnum fjármagnstekjuskatti áætlaðir 500 þkr sem er 300 þkr lækkun frá fjárhagsáætlun 2023.

Rekstargjöld

Rekstrargjöld eru alls áætluð um 234,4 mkr og lækka um 31,4 mkr frá endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2023 mestmegnis vegna lækkunar á framlögum til verkefna sóknaráætlunar og lægra framlaga til verkefna tengdra verkefna Vestfjarðastofu og aðila sem framkvæma verkefni með stuðningi af C1 aðgerð Byggðaáætlunar.

Lífeyrisskuldbinding. Áætlaðar greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga FV nemi um 220 þkr og hækka um 20 þkr frá endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2023 með tilliti til launapróunar.

Framlag til Vestfjarðastofu. Alls er hér tillaga um að áætlað framlag nemi 106 mkr og hækkar það um 11,3 mkr og er ráðstafað samkvæmt rekstrarsamningi FV og Vestfjarðastofu skiptist á eftirfarandi deildir,

- Byggðapróun og atvinnu og nýsköpunarmál, samtals 12,8 mkr. Tillaga er um hækkingu um 500 þkr frá endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2023 og nemi 7,8 mkr renni til að vinna að verkefnum um atvinnu og byggðapróun og er stuðningur sveitarfélaga við atvinnu og byggðapróun í tengslum við samning Vestfjarðastofu við Byggðastofnun Óbreytt tillaga um 5 mkr framlag vegna umsjónar með umhverfissvottun sveitarfélaga.
- Sóknaráætlun. Tillaga um framlag til reksturs skiptist á þrjú verkefni, rekstur Sóknaráætlunar Vestfjarða nemi 11 mkr, sértæk verkefni Byggðaáætlunar (6,2 mkr) og tímabundið framlag til stefnumörkunar Sóknaráætlunar Vestfjarða 2025-2029, 5 mkr. Samtals nemi framlag 22,2 mkr sem er hækkingu um 5 mkr miðað endurskoðaða fjárhagsáætlun 2023.

- **Rekstur skrifstofu FV.** Alls 71 mkr hér er tillaga um hækkun um 5 mkr frá endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2023. Röksemd; að koma til móts við hækkunar á verðlag reksturs skrifstofu FV, framkvæmdastjórn, stjórn FV, nefndir FV, sérfræðivinna/hagsmunagæsla, húsnæði og tæki. Fjármögnun kemur af hækkun áætlaðs framlags Jöfnunarsjóðs sveitarfélagi fyrir árið 2024 og hækkun árstíllags sveitarfélag. Tillaga er um óbreytt framlag til markaðsmála 7,7 mkr að vinna að verkefnum á sviði markaðsmála ferðaþjónustu / Áfangastofu Vestfjarða. Tillaga er um óbreytt framlag menningarmála. tillaga um 9,9 mkr til að vinna að menningarstarfi sem áhersluverkefni samkvæmt samningi um Sóknaráætlun Vestfjarðar 2020-2024.

Áhersluverkefni. Alls um 32,9 mkr, hér er áætlun á lækkun framlaga til áhersluverkefna Sóknaráætlunar um 6,8 mkr frá endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2023. Af þessum 32,9 mkr hefur þegar verið ráðstafað 27 mkr á árinu 2024 samkvæmt tillögum stjórnar FV á árinu 2023 til alls 4 verkefna. -Þau eru; Ímynd, uppbygging og fjárfestingar 10 mkr, Markaðsetning ferðaþjónustu 10 mkr, Ungmennalýðræði á Vestfjörðum 2 mkr og Úrgangsmál og hringrásarhagkerfi 5 mkr. Stjórn FV fjallar um tillögur að nýjum áhersluverkefnum þegar fjárhagsrammi sóknaráætlunar liggur fyrir við afgreiðslu frumvarps til fjárlaga 2024, í desember n.k..

Greiddir styrkir. Nær óbreytt frá endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2023 eða tæpar 54,3 mkr í úthlutun Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða fyrir árið 2024.

Aðkeyptir verktakar/þjónusta.

Tillaga er um áframhaldandi framlag til Orkuþings Vestfjarða og Ungmennanings Vestfjarða alls 2 mkr. Framlag til aðkeyptra verktaka lækkar frá endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2023 um 4,5 mkr eða sem nemur að mestu einskiptis framlagi 2023 til svæðisskipulags Vestfjarða.

Aðkeypt sérfræðiþjónusta aðgerðir Byggðaáætlunar

Samningar við aðila um framkvæmd aðgerða samkvæmt samþykktum verkefnaumsóknum FV í aðgerð C1 Byggðaáætlunar, sem er áætluð að nemi alls 30 mkr.

Annar skrifstofukostnaður. Tillaga um hækkun 500 þkr frá endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2023, vegna útgjalda til uppgjörsvinnu og aðra aðkeypta ráðgjöf.

Önnur gjöld. 10 mkr, Önnur gjöld 5 mkr, eru útgjöld vegna verkefnatengdra verkefna í samstarfi við Vestfjarðastofu.

Rekstarniðurstaða.

Rekstarniðurstaða lækkar um 3,3 mkr en er jákvæð um 1,1 mkr af reglulegri starfsemi, en jákvæði rekstarniðurstaða 4,4 mkr í endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2023 byggir á leiðréttingu á ofgreiddum styrkjum Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða.